

403. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 3. september 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 17:00.

Mætt:

Auður Kjartansdóttir
Sigrún Erla Sveinsdóttir, í fjarveru EBR
Júníana Björg Óttarsdóttir
Marínó Sigurjónsson, í fjarveru JBJ
Jóhanna Jóhannesdóttir
Urszula Zyskowska
Illugi Jens Jónasson
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna, sér í lagi Marínó á sinn fyrsta bæjarstjórnarfund. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) **Fundargerðir 369., 370. og 371. fundar bæjarráðs, dags. 18. júní, 14. júlí og 27. ágúst 2026.**
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
- 2) **Fundargerð 204. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 28. ágúst 2026.**
Athugasemd var gerð við lið 4 í fundargerðinni, en þar láðist að skrá niður afgreiðslu nefndarinnar á erindinu, en það var samþykkt samhljóða á fundi nefndarinnar.
Bæjarstjórn samþykkti fundargerðina með framkominni athugasemd.
- 3) **Fundargerð 36. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 1. september 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar. Fyrri umræða.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar til seinni umræðu á októberfundi bæjarstjórnar.
- 5) **Erindisbréf nefnda Snæfellsbæjar:**
Athugasemd var gerð við öll erindisbréf og bæjarritara falið að laga tilvísanir í lög og reglugerðir þar sem það á við áður en þau verða birt og afhent nefndum.
Enn á eftir að leggja lokahönd á erindisbréf stýrihóps um heilsueflandi samfélag og ungmennaráð. Mun það verða gert í september og verða þau erindisbréf lögð fyrir bæjarstjórn í október.
 - a) **Erindisbréf umhverfis- og skipulagsnefndar.**
Samþykkt samhljóða með framkominni athugasemd.
 - b) **Erindisbréf menningarnefndar.**
Samþykkt samhljóða með framkominni athugasemd.
 - c) **Erindisbréf öldungaráðs.**
Samþykkt samhljóða með framkominni athugasemd.
 - d) **Erindisbréf skóla- og fræðslunefndar.**
Samþykkt samhljóða með framkominni athugasemd.
 - e) **Erindisbréf íþrótt- og æskulýðsnefndar.**
Samþykkt samhljóða með framkominni athugasemd.
 - f) **Erindisbréf stjórnar dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars.**
Samþykkt samhljóða með framkominni athugasemd.

(Handwritten signatures and initials)
Au 77
SES
PS

- g) **Erindisbréf landbúnaðar- og fjallskilanevndar.**
Samþykkt samhljóða með framkominni athugasemd.
- h) **Erindisbréf stjórnar félagsheimilisins Klifs.**
Samþykkt samhljóða með framkominni athugasemd.
- i) **Erindisbréf stjórnar félagsheimilisins Rastar.**
Samþykkt samhljóða með framkominni athugasemd.
- j) **Erindisbréf stjórnar félagsheimilisins á Lýsuhóli.**
Samþykkt samhljóða með framkominni athugasemd.
- 6) **Bréf frá Sveini Jónatanssyni, dags. 31. ágúst 2026, varðandi viðauka við samning um barnaverndarþjónustu.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða framlagðan viðauka um samning um barnaverndarþjónustu.
- 7) **Bréf frá SSV, dags. 28. ágúst 2026, varðandi skammtímadvöl í Holti.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða fyrir lögð gögn um skammtímadvöl í Holti.
- 8) **Bréf frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands, dags. 27. ágúst 2029, varðandi skipulag byggðar á svæðum sem eru næm fyrir náttúruhamförum.**
Lagt fram til kynningar.
- 9) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins.
 - Bæjarstjóri fór yfir fjárfestingar ársins.
 - Bæjarstjóri fór yfir notkunartölur á varmadælunni í Ráðhúsinu.
 - Bæjarstjóri fór yfir fjöldatölur á tjaldstæðum Snæfellsbæjar.
 - Bæjarstjóri fór yfir aðsóknartölur á salernisgám á Arnarstapa.
 - Bæjarstjóri fór yfir aðsóknartölur að sundlauginni í Ólafsvík.
 - Bæjarstjóri fór yfir það að Snæfellsbær ætlað að halda áfram samstarfi við Ásgarð skólaþjónustu.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að keyptir voru 2 útibekkir á Kviabryggju fyrir húsnæði eldri borgara í Ólafsvík.
 - Bæjarstjóri sagði frá fundi með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.
 - Bæjarstjóri ræddi málefni Jaðars.
 - Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra og bæjarritara að hefja vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2027.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:18


Auður Kjartansdóttir


Sigrún Erla Sveinsdóttir


Marínó Sigurjónsson



Urszula Zyskowska


Júníana Björg Óttarsdóttir


Jóhanna Jóhannesdóttir


Illugi Jens Jónasson





Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Lilja Ólafardóttir, bæjarritari